

KJARASAMNINGUR

SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
F.H. ÞEIRRA SVEITARFÉLAGA OG ANNARRA AÐILA
SEM ÞAÐ HEFUR SAMNINGSUMBOÐ FYRIR

OG

**FÉLAGS ÍSLENSKRA
HLJÓMLISTARMAÑA**

GILDISTÍMI:
1. JÚNÍ 2024 til 31. MARS 2028

EFNISYFIRLIT

1 KAFLI: LAUN	3
1.1 FÖST MÁNAÐARLAUN TÓNLISTARSKÓLAKENNARA	3
1.10 ANNARUPPBÓT	4
3. KAFLI: MATAR- OG KAFFITÍMAR, FÆÐI OG MÖTUNEYTI	5
3.4 FÆÐI OG MATSTOFA.....	5
14. KAFLI: GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR	6
14.1 GILDISTÍMI OG ATKVÆÐAGREIÐSLA	6
BÓKANIR	7
BÓKANIR MEÐ KJARASAMNINGUM AÐILA 2024:	7
ELDRI BÓKANIR SEM FALLA NIÐUR:	7
FYLGISKJÖL OG VIÐAUKAR	8
FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR	8
VIÐAUKI 3: LAUNATÖFLUAUKI 2024 TIL 2028	17

INNGANGUR

Kjarasamningur aðila framlengist frá 1. júní 2024 til 31. mars 2028 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

1 KAFLI: LAUN

1.1 FÖST MÁNAÐARLAUN TÓNLISTARSKÓLAKENNARA

Grein 1.1.1 breytist og hljóði svo:

1.1.1 Föst mánaðarlaun starfsmanns sem gegnir fullu starfi skulu greidd samkvæmt eftirfarandi launatöflum A1 til A4, sjá nánar í fylgiskjali 1:

Launatafla A1: Gildir frá 1. júní 2024 til 31. mars 2025.

Launatafla A2: Gildir frá 1. apríl 2025 til 31. mars 2026.

Launatafla A3: Gildir frá 1. apríl 2026 til 31. mars 2027.

Launatafla A4: Gildir frá 1. apríl 2027 til 31. mars 2028.

Mánaðarlaun hækka sem hér segir á samningstímanum:

1. júní 2024: 23.750 kr. eða að lágmarki um 3,25% sbr. launatöflu A1.

1. apríl 2025: 23.750 kr. eða að lágmarki um 3,50% sbr. launatöflu A2.

1. apríl 2026: 23.750 kr. eða að lágmarki um 3,50% sbr. launatöflu A3.

1. apríl 2027: 23.750 kr. eða að lágmarki um 3,50% sbr. launatöflu A4.

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum.

Grein 1.1.4 um önnur laun breytist og hljóði svo:

1.1.4 Önnur laun er starfinu fylgja

Auk mánaðarlauna er heimilt að greiða önnur laun er starfinu fylgja með mánaðarlegri greiðslu vegna:

- starfstengdra þátta og/eða álags sem ekki verður mælt í tíma
- jöfnunar launa einstakra hópa á milli almenns og opinbers vinnumarkaðar.
- reglubundinnar yfirvinnu og geta komið í stað tímakaups í yfirvinnu skv. gr. 1.5.

Sé heimildarákvæðinu beitt, skal tryggt að málsmeðferð og ákvörðun um greiðslu annarra launa byggji á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun.

Á samningstímanum hækka önnur laun skv. eftirfarandi:

Þann 1. júní 2024 um 3,25%

Þann 1. apríl 2025 um 3,5%

Þann 1. apríl 2026 um 3,5%

Þann 1. apríl 2027 um 3,5%

Grein 1.4.2 breytist og hljóði svo:**1.4.2 Launatafla og grunnröðun skólastjóra**

Föst mánaðarlaun skólastjóra sem gegnir fullu starfi skulu greidd samkvæmt launatöflum skólastjórnenda í fylgiskjali 1.

Launatafla B1: Gildir frá 1. júní 2024 til 31. mars 2025.

Launatafla B2: Gildir frá 1. apríl 2025 til 31. mars 2026.

Launatafla B3: Gildir frá 1. apríl 2026 til 31. mars 2027.

Launatafla B4: Gildir frá 1. apríl 2027 til 31. mars 2028.

Mánaðarlaun hækka sem hér segir á samningstímanum:

1. júní 2024: 23.750 kr. eða að lágmarki um 3,25% sbr. launatöflu B1.

1. apríl 2025: 23.750 kr. eða að lágmarki um 3,50% sbr. launatöflu B2.

1. apríl 2026: 23.750 kr. eða að lágmarki um 3,50% sbr. launatöflu B3.

1. apríl 2027: 23.750 kr. eða að lágmarki um 3,50% sbr. launatöflu B4.

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum.

Grein 1.4.4.1 breytist og hljóði svo:**1.4.4.1 Launatafla og grunnröðun aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra**

Föst mánaðarlaun aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra sem gegna fullu starfi skulu greidd samkvæmt launatöflum skólastjórnenda í fylgiskjali 1.

Launatafla B1: Gildir frá 1. júní 2024 til 31. mars 2025.

Launatafla B2: Gildir frá 1. apríl 2025 til 31. mars 2026.

Launatafla B3: Gildir frá 1. apríl 2026 til 31. mars 2027.

Launatafla B4: Gildir frá 1. apríl 2027 til 31. mars 2028.

Mánaðarlaun hækka sem hér segir á samningstímanum:

1. júní 2024: 23.750 kr. eða að lágmarki um 3,25% sbr. launatöflu B1.

1. apríl 2025: 23.750 kr. eða að lágmarki um 3,50% sbr. launatöflu B2.

1. apríl 2026: 23.750 kr. eða að lágmarki um 3,50% sbr. launatöflu B3.

1. apríl 2027: 23.750 kr. eða að lágmarki um 3,50% sbr. launatöflu B4.

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum.

1.10 ANNARUPPBÓT

Tónlistarskólakennari/skólastjórnandi í fullu starfi skal fá greidda annaruppbót (persónuuppbót) í lok hverrar annar, þ.e. 1. desember og 1. júní. Með fullu starfi er átt við 100% starf. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og starfstíma á hvorri önn.

Annaruppbót 1. júní 2024 kr. 104.800,-

Annaruppbót 1. desember 2024 kr. 104.800,-

Annaruppbót 1. júní 2025 kr. 107.750,-

Annaruppbót 1. desember 2025 kr. 107.750,-

Annaruppbót 1. júní 2026	kr. 111.530,-
Annaruppbót 1. desember 2026	kr. 111.530,-
Annaruppbót 1. júní 2027	kr. 115.450,-
Annaruppbót 1. desember 2027	kr. 115.450,-

3. KAFLI: MATAR- OG KAFFITÍMAR

3.4 FÆÐI OG MATSTOFA

- 3.4.3 Ef keyptur er matur hjá öðrum aðila en greint er í gr. 3.4.2 skulu starfsmenn greiða kr. 862 fyrir hverja máltíð frá og með 1. janúar ár hvert. Upphæðin skal taka breytingum í samræmi við breytingu á matar- og drykkjavörulið (01) í vísitölu neysluverðs m.v. vísitölu októbermánaðar ár hvert. Grunnvísitala er (252,5 stig) í október 2021. Reynist kaupverð vinnuveitanda á aðkeyptum mat lægra en sem nemur þessari upphæð skal miða greiðslur starfsmanna við það.
- 3.4.4 Starfsmenn sem ekki njóta mataraðstöðu samkvæmt greinum 3.4.1 - 3.4.3 skulu fá það bætt með fæðispeningum, sem nema kr. 862 fyrir hvern vinnuskyldudag, enda séu þá uppfyllt neðantalin skilyrði:
- Vinnuskylda starfsmanns sé minnst sem svarar hálfri stöðu á viku.
 - Starfsmaður hafi vinnuskyldu á föstum vinnustað frá kl. 11:00 - 14:00 eða 18:00 – 20:00 að frádregnu matarhléi.
 - Matarhlé sé aðeins 1/2 klst. eða 1 kennslustund í skólum.
- Upphæðin skal síðan taka breytingum 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á matar- og drykkjavörulið (01) í vísitölu neysluverðs m.v. vísitölu októbermánaðar ár hvert. Grunnvísitala er (252,5 stig) í október 2021.

14. KAFLI: GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR

14.1 GILDISTÍMI OG ATKVÆÐAGREIÐSLA

14.1.1 Gildandi kjarasamningar aðila með bókunum, fylgiskjölum og sérákvæðum framlengjast frá 1. júní 2024 til 31. mars 2028 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Kjarasamningur þessi er gerður í kjölfar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í mars 2024. Komi til þess að launa- og forsendunefnd ASÍ og SA ákveði launa- eða kjarabreytingar vegna forsendubrests skulu aðilar taka upp viðræður um með hvaða hætti slík breyting gildi fyrir samning þennan. Slíkar breytingar skulu skila sambærilegum kjarabreytingum og á almennum markaði enda feli þær ekki í sér breytingar á kjörum sem þegar er að finna í kjarasamningi aðila.

Komi til þess að kjarasamningum á almennum markaði verði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er hvorum aðila heimilt að segja samningi þessum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 12:00 þann 25.10.2024 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 18. október 2024.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga
með fyrirvara um samþykki stjórnar.

F.h. Félags íslenskra
hljómlistarmanna með fyrirvara
um samþykki félagsmanna.

BÓKANIR

BÓKANIR MEÐ KJARASAMNINGUM AÐILA 2024:

BÓKUN 1 [2024] Betri vinnutími

Með samkomulagi aðila sem undirritað var 22. ágúst 2024 urðu aðilar sammála um að framlengja gildistíma á fylgiskjölum 2, 3 og öll samkomulög önnur sem aðilar hafa staðfest sín á milli um styttingu vinnutíma félagsmanna FÍH út skólaárið 2024-25.

Markmið samningsaðila samkvæmt því samkomulagi er stefnt að því vinnuvika starfsfólks í fullu starfi verði 36 virkar vinnustundir að jafnaði yfir árið eða frá og með 1. ágúst 2025. Til að framangreint markmið í samkomulagi aðila náist eru aðilar sammála um að stofna starfshóp sem hefur það hlutverk að semja um ný og/eða breytt kjarasamningsákvæði sem mæta markmiðum aðila um að stytta vinnutíma í 36 virkar vinnustundir á viku. Starfshópurinn skili tillögum sínum til samningsaðila eigi síðar en 15. maí 2025.

Náist ekki samkomulag um breytingar á ákvæðum kjarasamninga þannig að stytting í 36 tíma nái fram að ganga frá og með 1. ágúst 2025 falla öll áður nefnd fylgiskjöl og samkomulög um styttingu vinnutíma félagsmanna FÍH úr gildi án frekari fyrirvara.

ELDRI BÓKANIR SEM FALLA NIÐUR:

BÓKUN 2 [2020] Endurskoðun 12. kafla

Samningsaðilar eru einhuga um að tímabært sé að taka til heildarendurskoðunar 12. kafla í kjarasamningi, sem fjallar um rétt starfsmanna vegna veikinda og slysa. Markmið slíkrar endurskoðunar verði meðal annars að stuðla að því að sem flestir geti verið virkir á vinnumarkaði. Viðverustefna sem stuðlar að snemmbæru inngripi getur komið í veg fyrir langtímaveikindi og jafnvel örorku á síðari stigum. Að sama skapi þarf að auka möguleika starfsmanna til aðlögunar á vinnustað eftir langtímaveikindi og við endurkomu á vinnustað eftir starfsendurhæfingu hjá VIRK. Þá verði ákvæði 12. kafla endurskoðuð með það að markmiði að skýra þau betur með tilliti til lagabreytinga og í ljósi framkvæmdar og túlkunar ákvæða. Við endurskoðun veikindakafans verði meðal annars hugað að sameiginlegri skilgreiningu á hugtökunum langtíma- og skammtímaveikindi og framkvæmd talningar veikindadaga samræmd. Þá verði grein um veikindi barna yngri en 13 ára skoðuð og metið hvort hún ætti að fjalla um veikindi nákominnna. Enn fremur verði fjallað um áhrif persónuverndarlaga og annarra laga á ákvæði 12. kafla ásamt því að ákvæði verði skýrð betur með það að markmiði að lesendur kjarasamnings fái betri yfirsýn um hvað ákvæðin fela í sér. Með þessi markmið að leiðarljósi verður unnið að endurskoðun 12. kafla á samningstímanum. Vinna við endurskoðun 12. kafla hefst 17. ágúst 2021 og gert er ráð að henni ljúki eigi síðar en 1. maí 2022. Náist samstaða innan hópsins um breytingar á grein um veikindi barna yngri en 13 ára eru samningsaðilar ásáttir um að hún geti tekið gildi á samningstímanum, eftir nánara samkomulagi aðila þar að lútandi.

FYLGISKJÖL OG VIÐAUKAR

FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR

Mánaðarlaun þeirra tónlistarskólakennara sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirtöldum launatöflum:

Launatafla A1: Gildir frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2025.

Launatafla A2: Gildir frá 1. apríl 2025 til 31. mars 2026.

Launatafla A3: Gildir frá 1. apríl 2026 til 31. mars 2027.

Launatafla A4: Gildir frá 1. apríl 2027 til 31. mars 2028.

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA		
Launatafla: A-1		
Tónlistarskólakennarar		
1. júní 2024 til 31. mars 2025		
Starfsheiti	Launaflokkur	Grunnlaun
	101	457.858
	102	462.156
	103	466.514
	104	470.936
	105	475.425
	106	479.986
	107	484.611
	108	489.305
	109	494.068
	110	498.910
	111	503.817
	112	508.799
	113	513.859
	114	518.991
Tónlistarskólakennari I	115	524.202
	116	529.492
	117	534.859
	118	540.307
	119	545.842
	120	551.453
Tónlistarskólakennari II	121	557.152
	122	562.936
	123	568.806
	124	574.761
	125	580.809
	126	586.949
Tónlistarskólakennari III	127	593.179
	128	599.507
	129	605.925
	130	612.434
	131	619.052
	132	625.763
	133	632.573
	134	639.489
	135	646.507
	136	653.630
	137	660.862
	138	668.204
	139	675.649
	140	683.214
	141	690.887
	142	698.675
	143	706.581
	144	714.604
	145	722.404
	146	730.667
	147	738.584
	148	747.092
	149	755.146
	150	764.188
	151	772.616
	152	781.926
	153	790.475
	154	799.025
	155	808.734
	156	817.421
	157	826.144
	158	835.855
	159	845.682

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMAÑA		
Launatafla: A-2		
Tónlistarskólakennarar		
1. apríl 2025 til 31. mars 2026		
Starfsheiti	Launaflokkur	Grunnlaun
	101	481.608
	102	485.906
	103	490.264
	104	494.686
	105	499.175
	106	503.736
	107	508.361
	108	513.055
	109	517.818
	110	522.660
	111	527.567
	112	532.549
	113	537.609
	114	542.741
Tónlistarskólakennari I	115	547.952
	116	553.242
	117	558.609
	118	564.057
	119	569.592
	120	575.203
Tónlistarskólakennari II	121	580.902
	122	586.686
	123	592.556
	124	598.511
	125	604.559
	126	610.699
Tónlistarskólakennari III	127	616.929
	128	623.257
	129	629.675
	130	636.184
	131	642.802
	132	649.513
	133	656.323
	134	663.239
	135	670.257
	136	677.380
	137	684.612
	138	691.954
	139	699.399
	140	707.126
	141	715.068
	142	723.129
	143	731.311
	144	739.615
	145	747.688
	146	756.240
	147	764.434
	148	773.240
	149	781.576
	150	790.935
	151	799.657
	152	809.293
	153	818.141
	154	826.991
	155	837.039
	156	846.031
	157	855.059
	158	865.110
	159	875.280

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA		
Launatafla: A-3		
Tónlistarskólakennarar		
1. apríl 2026 til 31. mars 2027		
Starfsheiti	Launaflokkur	Grunnlaun
	101	505.358
	102	509.656
	103	514.014
	104	518.436
	105	522.925
	106	527.486
	107	532.111
	108	536.805
	109	541.568
	110	546.410
	111	551.317
	112	556.299
	113	561.359
	114	566.491
Tónlistarskólakennari I	115	571.702
	116	576.992
	117	582.359
	118	587.807
	119	593.342
	120	598.953
Tónlistarskólakennari II	121	604.652
	122	610.436
	123	616.306
	124	622.261
	125	628.309
	126	634.449
Tónlistarskólakennari III	127	640.679
	128	647.007
	129	653.425
	130	659.934
	131	666.552
	132	673.263
	133	680.073
	134	686.989
	135	694.007
	136	701.130
	137	708.573
	138	716.172
	139	723.878
	140	731.876
	141	740.095
	142	748.438
	143	756.907
	144	765.502
	145	773.857
	146	782.709
	147	791.190
	148	800.304
	149	808.931
	150	818.618
	151	827.645
	152	837.618
	153	846.776
	154	855.935
	155	866.336
	156	875.642
	157	884.986
	158	895.389
	159	905.915

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMAÑA		
Launatafla: A-4		
Tónlistarskólakennarar		
1. apríl 2027 til 31. mars 2028		
Starfsheiti	Launaflokkur	Grunnlaun
	101	529.108
	102	533.406
	103	537.764
	104	542.186
	105	546.675
	106	551.236
	107	555.861
	108	560.555
	109	565.318
	110	570.160
	111	575.067
	112	580.049
	113	585.109
	114	590.241
Tónlistarskólakennari I	115	595.452
	116	600.742
	117	606.109
	118	611.557
	119	617.092
	120	622.703
Tónlistarskólakennari II	121	628.402
	122	634.186
	123	640.056
	124	646.011
	125	652.059
	126	658.199
Tónlistarskólakennari III	127	664.429
	128	670.757
	129	677.175
	130	683.684
	131	690.302
	132	697.013
	133	703.876
	134	711.034
	135	718.297
	136	725.670
	137	733.373
	138	741.238
	139	749.214
	140	757.492
	141	765.999
	142	774.633
	143	783.399
	144	792.294
	145	800.942
	146	810.104
	147	818.881
	148	828.314
	149	837.244
	150	847.269
	151	856.613
	152	866.935
	153	876.414
	154	885.893
	155	896.657
	156	906.289
	157	915.960
	158	926.728
	159	937.622

Föst mánaðarlaun skólastjórnaenda sem gegna fullu starfi skulu greidd samkvæmt eftirtöldum launatöflum

Launatafla B1: Gildir frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2025.

Launatafla B2: Gildir frá 1. apríl 2025 til 31. mars 2026.

Launatafla B3: Gildir frá 1. apríl 2026 til 31. mars 2027.

Launatafla B4: Gildir frá 1. apríl 2027 til 31. mars 2028.

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMAÑA		
Launatafla: B-1		
Skólastjórnaendur		
1. júní 2024 til 31. mars 2025		
Stig skólastjóra	Launaflokkur	Grunnlaun
0	410	660.211
24	411	674.844
40	412	689.919
60	413	705.447
80	414	721.439
100	415	737.914
125	416	754.891
150	417	772.933
175	418	791.520
200	419	810.661
225	420	830.378
250	421	850.687
300	422	871.606
350	423	893.149
400	424	915.341
500	425	938.199
600	426	961.743
700	427	985.988
850	428	1.010.965
1000	429	1.036.694
1150	430	1.063.191
	431	1.089.180
	432	1.115.922
	433	1.143.439
	434	1.171.748
	435	1.200.876
	436	1.230.847
	437	1.261.582

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA		
Launatafla: B-2		
Skólastjórnendur		
1. apríl 2025 til 31. mars 2026		
Stig skólastjóra	Launaflokkur	Grunnlaun
0	410	683.961
24	411	698.594
40	412	714.066
60	413	730.138
80	414	746.689
100	415	763.741
125	416	781.312
150	417	799.985
175	418	819.223
200	419	839.034
225	420	859.441
250	421	880.461
300	422	902.112
350	423	924.409
400	424	947.378
500	425	971.036
600	426	995.404
700	427	1.020.498
850	428	1.046.349
1000	429	1.072.978
1150	430	1.100.403
	431	1.127.301
	432	1.154.979
	433	1.183.459
	434	1.212.759
	435	1.242.907
	436	1.273.927
	437	1.305.737

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA		
Launatafla: B-3		
Skólastjórnendur		
1. apríl 2026 til 31. mars 2027		
Stig skólastjóra	Launaflokkur	Grunnlaun
0	410	707.900
24	411	723.045
40	412	739.058
60	413	755.692
80	414	772.823
100	415	790.472
125	416	808.658
150	417	827.985
175	418	847.896
200	419	868.401
225	420	889.521
250	421	911.277
300	422	933.686
350	423	956.763
400	424	980.536
500	425	1.005.022
600	426	1.030.243
700	427	1.056.215
850	428	1.082.971
1000	429	1.110.533
1150	430	1.138.917
	431	1.166.757
	432	1.195.403
	433	1.224.880
	434	1.255.206
	435	1.286.408
	436	1.318.514
	437	1.351.438

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA		
Launatafla: B-4		
Skólastjórnendur		
1. apríl 2027 til 31. mars 2028		
Stig skólastjóra	Launaflokkur	Grunnlaun
0	410	732,676
24	411	748,351
40	412	764,926
60	413	782,142
80	414	799,872
100	415	818,138
125	416	836,961
150	417	856,964
175	418	877,572
200	419	898,795
225	420	920,655
250	421	943,172
300	422	966,365
350	423	990,250
400	424	1,014,855
500	425	1,040,198
600	426	1,066,301
700	427	1,093,182
850	428	1,120,875
1000	429	1,149,401
1150	430	1,178,779
	431	1,207,593
	432	1,237,243
	433	1,267,751
	434	1,299,138
	435	1,331,433
	436	1,364,662
	437	1,398,738

VIÐAUKI 3: LAUNATÖFLUAUKI 2024 TIL 2028**LAUNATÖFLUAUKI FYRIR KJARASAMNINGSTÍMABILID 2024-2028**

Tekinn skal upp launatöfluauki fyrir stéttarfélagið á kjarasamningstímabilinu 2024-2028. Launatöfluauka er ætlað að stuðla að því að þróun launakostnaðar starfsfólks á opinberum markaði innan vébanda hlutaðeigandi heildarsamtaka haldi að jafnaði í við þróun launakostnaðar sambærilegra hópa á almennum markaði en honum er ekki ætlað að tryggja þróun launakostnaðar einstakra stéttarféлага eða starfsmanna. Samanburðarhópar á almennum markaði eru tilgreindir með bálkum íslenskrar starfaflokkunar Hagstofu Íslands (ÍSTARF) á tilgreindu tímabili. Launatöfluauki hefur ekki áhrif á umsamdar launahækkanir í kjarasamningum. Áhrif launabreytinga í tengslum við útfærslu 7. gr. samkomulags um breytingar á skipan lífeyrismála opinbers starfsfólks frá árinu 2016, hafa eftir atvikum ekki áhrif til lækkunar á launatöfluauka.

Samanburðarhópar heildarsamtaka

Bera skal saman þróun á launakostnaði þeirra heildarsamtaka starfsfólks sveitarfélaga sem stéttarfélagið á aðild að, við þróun launakostnaðar sambærilegra stétta á almennum markaði. Samanburðarhópar heildarsamtaka eru sem hér segir:

Heildarsamtök	Launagreiðandi	Stétt á almennum markaði
BHM	Sveitarfélög	Sérfræðingar (ÍSTARF bálkur 2)
KÍ	Sveitarfélög	Sérfræðingar (ÍSTARF bálkur 2)
65% BSRB og 35% ASÍ	Sveitarfélög	5% Sérfræðingar (ÍSTARF bálkur 2), 15% Tæknar og sérmenntaðir (ÍSTARF bálkur 3), 70% Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk (ÍSTARF bálkur 5) og 10% Verkfólk (ÍSTARF 7,8,9 og stöðutala 0 eða 1)

Viðmiðunartímabil og uppgjör launatöfluauka

Á gildistíma kjarasamningsins skal í þrjú skipti bera saman þróun á launakostnaði milli markaða þar sem upphaf tímabils í öllum mælingum er desember 2023. Þá skal horft til þróunar tímakaups reglulegra launa (launavísitölu Hagstofu Íslands) á viðmiðunartímabilinu en að undanskildum hækkunum tengdum útfærslu 7 gr. samkomulagsins. Auk þess skal horft til þróunar annars launakostnaðar sem samið er um í kjarasamningi og reiknast almennt til kostnaðar við kjarasamningsgerð s.s. hækkun iðgjalda í sjóði, breytinga á vinnufyrirkomulagi eða réttindum.

Mældur launatöfluauki miðast við útreikninga á breytingum á launavísitölu og launakostnaði sem hér segir:

Viðmiðunartímabil	Breytt launatafla tæki gildi
desember 2023 - desember 2024	1.september 2025
desember 2023 - desember 2025	1.september 2026
desember 2023 - desember 2026	1.september 2027

Leiði niðurstöður mælinga til breytinga á launatöflu tekur breytt launatafla gildi samkvæmt neðangreindu:

Heildarsamtök	Launagreiðandi	Áhrif á launaflokka / launatöflur
BHM	Sveitarfélög	Launatöflur aðildarfélaga heildarsamtakanna Frá og með launaflokki 253 hjá Reykjavíkurborg
KÍ	Sveitarfélög	Launatöflur aðildarfélaga heildarsamtakanna
BSRB og ASÍ	Sveitarfélög	Launatöflur aðildarfélaga heildarsamtakanna Að launaflokki 253 hjá Reykjavíkurborg

Forsenda launatöfluauka

Forsenda þess að uppgjör launatöfluauka taki gildi er að fyrir liggi samþykktur kjarasamningur á ofangreindu viðmiðunartímabili og að kjarasamningsbundnar hækkningar hafi verið greiddar út á því tímabili. Þannig kemur ekki til uppgjörs launatöfluauka hafi samningar ekki náðst og komið til útgreiðslu kjarasamningsbundinna launahækkana innan viðmiðunartímabils.

Nefnd um launatöfluauka

Heildarsamtök launafólks (BHM, KÍ, BSRB og ASÍ), Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu skipa hvert um sig einn aðalfulltrúa og einn til vara en ríki tvo og tvo til vara, í nefnd sem hefur það hlutverk að skilgreina nánar hvaða forsendur verði lagðar til grundvallar mælingum á þróun launakostnaðar á milli markaða. Fulltrúi ríkisins stýrir fundum nefndarinnar en nefndarmaður getur óskað eftir aðkomu og fundarstjórn ríkissáttasemjara og skal verða við því.

Nefndin skal yfirfara og staðfesta niðurstöður útreikninga hvers tímabils vegna mögulegs launatöfluauka hvers hóps starfsfólks sveitarfélaga út frá:

- 1) þróun launavísitölu viðkomandi hóps m.v. þróun launavísitölu samanburðarhóps á almennum markaði að undanskildum áhrifum af útfærslu 7 gr. samkomulagsins
- 2) þróun annars launakostnaðar á milli markaða sem reiknast almennt til kostnaðar við kjarasamningsgerð

Nefndin skal leita eftir samstarfi við stjórnvöld m.a. um söfnun og vinnslu upplýsinga og meta hvort tilefni sé til að endurmeta vogir samanburðarhópa og heildarsamtaka eða taka til skoðunar óvæntar breytingar í launavísitölu sem rekja megi til annarra þátta en launa eða raunverulegs vinnuframlags. Auk þess sem nefndin skal setja sér nánari starfsreglur.

Reikningur launatöfluauka

Komi í ljós að mæld þróun launakostnaðar hlutaðeigandi heildarsamtaka sé lakari en hjá samanburðarhópnum á almennum vinnumarkaði sbr. framangreinda töflu og mismunurinn er yfir 0,5% skal launatafla skv. ofangreindri aðferðafræði hækkuð sem nemur 80% af mældum mismun. Sé þróunin lakari á síðasta viðmiðunartímabilinu þá fellur niður skilyrði um mismun yfir 0,5% og launataflan skv. ofangreindri aðferðafræði hækkuð sem nemur 90% af mældum mismun þann 1. september 2027. Þessi tilhögun, að bæta aðeins tiltekið hlutfall, er valin í ljósi þess að launaþróun liðins tíma og launaþróun viðkomandi hóps gæti hafa breyst frá því tímabili sem mælingin tekur til. Verði þróunin aftur á móti opinberum starfsmönnum í hag skal ekkert aðhafst.

Ef heildarfjöldi ársverka stéttarfélaganna sem eiga rétt á launatöfluauka, í samræmi við skilgreiningar hér að ofan, er undir 80% af heildarfjölda ársverka hlutaðeigandi heildarsamtaka skal vigta mismun í þróun launakostnaðar á milli markaða með hlutfalli þeirra ársverka stéttarfélaganna sem rétt eiga á launatöfluauka með heildarfjölda ársverka hlutaðeigandi heildarsamtaka. Miða skal við ársverk á síðastliðnu almanaksári. Þessi tilhögun sem felur í sér að vigta mismuninn er gerð til að fyrirbyggja ofgreiðslu launatöfluauka sem rekja mætti til þess að hlutfall þess félagsfólks með samþykktan kjarasamning og útgreidda kjarasamningsbundna

hækkun væri lágt þannig að verulegt ofmat yrði á mismuni á þróun launakostnaðar á milli markaða.

Sýnidæmi um fyrirkomulag á launatöfluauka – mat og uppgjör

	Stétt/ Almennur markaður	Bandalag / Opinber launagreiðandi
Vísitala launakostnaðar í desember 2023	100	100
Hækkun reglulegra launa (launavísitölu) skv. mati Hagstofu Íslands	16,5%	12,5%
Hækkun launa v/ útfærslu 7 gr. samkomulagsins		-0,2%
Hækkun á launakostnaði s.s. framlag í orlofssjóð	0,1%	0,5%
Vísitala launakostnaðar síðasta desember mánaðar	116,6	112,8
Mismunur, % (116,6/112,8-1)		3,4%
Launatöfluauki (80% af mismuni)		2,7%

Sýnidæmi um fyrirkomulag á launatöfluauka ef 70% eiga rétt á launatöfluauka – mat og uppgjör

	Stétt/ Almennur markaður	Bandalag / Opinber launagreiðandi
Vísitala launakostnaðar í desember 2023	100	100
Hækkun reglulegra launa (launavísitölu) skv. mati Hagstofu Íslands	16,5%	12,5%
Hækkun launa v/ útfærslu 7 gr. samkomulagsins		-0,2%
Hækkun á launakostnaði s.s. framlag í orlofssjóð	0,1%	0,5%
Vísitala launakostnaðar síðasta desember mánaðar	116,6	112,8
Mismunur, % (116,6/112,8-1)		
Vigtun m.v. hlutfall samþykktra samninga og réttar til launatöfluauka (70%)		3,4%
		2,4%
Launatöfluauki (80% af mismuni)		1,9%